

Innviðaráðuneytið
irn@irn.is

Reykjavík, 16. júlí 2026

Efni: Umsögn Samorku um áform um breytingar á lögum um öryggi net- og upplýsingakerfa mikilvægra innviða, nr. 78/2019.

1. Inngangur

Samorka, samtök orku- og veitufyrirtækja á Íslandi, þakkar tækifæri til að veita umsögn um framangreind áform um lagasetningu. Aðildarfyrirtæki Samorku reka raforku-, hita-, vatns- og fráveitur um land allt og eru mörg hver á skrá ráðherra yfir rekstraraðila nauðsynlegrar þjónustu samkvæmt lögum nr. 78/2019. Áformin varða aðildarfyrirtækin því með beinum hætti, enda er lagt til að eftirlit með framkvæmd laganna gagnvart orku- og veitustarfsemi flytjist frá Umhverfis- og orkustofnun til Fjarskiptastofu.

2. Afstaða Samorku

Samorka styður áformin. Þau eru í samræmi við þau sjónarmið sem fram hafa komið á vettvangi netöryggisráðs Samorku, þar sem netöryggismál orku- og veitufyrirtækja eru reglulega til umfjöllunar. Helstu rök Samorku fyrir breytingunum eru eftirfarandi:

Hagkvæmari nýting þekkingar. Netöryggisþekking er takmörkuð auðlind á Íslandi og eftirspurn eftir henni langt umfram framboð. Með því að fela einni stofnun eftirlitið nýtist sú þekking sem til er á hagkvæmari máta og byggist markvisst upp á einum stað í stað þess að dreifast þunnt á margar stofnanir. Það er hvorki hagkvæm nýting á mannauði né fjármagni að setja upp fjölda netöryggiseftirlitsaðila í jafn litlu stjórnkerfi og hið íslenska er.

Krafa um sérhæfingu. Netöryggismál krefjast mikillar sérhæfingar sem er um margt ólík þeirri eftirlitsþekkingu sem fagstofnanir einstakra atvinnugreina búa yfir. Reynslan sýnir að erfitt er að byggja upp og viðhalda slíkri sérhæfingu hjá mörgum eftirlitsstjórnvöldum samtímis.

3. Ábendingar

Samorka vill jafnframt koma eftirfarandi ábendingum á framfæri:

Í fyrsta lagi er í áformunum vísað til tillagna stýrihóps um endurskoðun stjórnskipulags netöryggismála sem skilað var 10. mars 2026, en tillögurnar sjálfar fylgja ekki málinu. Samorka hvetur ráðuneytið til að birta tillögurnar, ásamt greinargerð, svo hagsmunaaðilar geti áttað sig á heildarsamhenginu og því hvort og þá hvernig öðrum tillögum hópsins verði fylgt eftir.

Í öðru lagi þarf við flutning eftirlitsins að tryggja að sérþekking á orku- og veitustarfsemi glattist ekki. Orku- og veitukerfi lúta um margt öðrum lögmálum en almenn upplýsingakerfi, meðal annars vegna rekstrarstýrikerfa (OT-kerfa) og órofinnar þjónustuskyldu. Náð samstarf og skilvirk upplýsingaskipti milli Fjarskiptastofu og Umhverfis- og orkustofnunar, sem og annarra fagstofnana, eru því forsenda þess að eftirlitið skili tilætluðum árangri, í samræmi við meginreglur um sviðsábyrgð.


Í þriðja lagi er í áformunum tekið fram að breytingarnar falli að NIS 2 tilskipun Evrópusambandsins og séu skref í átt að innleiðingu hennar. Samorka hvetur stjórnvöld til að hefja samráð við hagsmunaaðila um innleiðingu NIS 2 tímanlega, þannig að eftirlitsskyldir aðilar fái nægilegt svigrúm til undirbúnings og aðlögunar að auknum kröfum.

4. Lokaorð

Samorka styður áformin og telur þau tímabært skref í átt að skilvirkara og samræmdara netöryggiseftirliti á Íslandi. Samtökin lýsa sig reiðubúin til frekara samráðs og samstarfs við ráðuneytið við gerð frumvarpsins og hvetja til þess að náð samráð verði haft við hagsmunaaðila á síðari stigum málsins.

Virðingarfyllt,

f.h. Samorku



Sverrir Falur Björnsson

verkefnastjóri stefnumótunar og hagsmunagæslu